

Sp. 523. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Sauðárkrókshrepp.

Flm.: Sigurður Þórðarson, Jón Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að tveggja millj. króna láni, sem Sauðárkrókshreppur tekur til rafvirkjunar Gönguskarðsár og til þess að standast kostnað við endurbætur á rafleiðslukerfi kauptúnsins. Ábyrgð þessi má þó ekki ná til hærri fjárhæðar en nema mundi 80% af stofn-
kostnaði rafveitunnar.

Greinargerð.

Tillaga til þingsályktunar, svipaðs efnis og þessi, var flutt á sumarþinginu 1942 og var þá ekki útrædd. Enn fremur var flutt á vetrarþingi sama ár frv. til laga um virkjun Gönguskarðsár í Skagafirði. Var því vísað til millipinganeftndar í rafmagnsmálum, og hefur ekkert frá henni heyrzt um það síðan. Fyrir aðkallandi nauðsyn Sauðárkrókskaupþúns og siendurteknar áskoranir þaðan leyfum við okkur að flytja þessa ábyrgðarbeiðni, sem er svipaðs eðlis og nýflutt tillaga til þingsályktunar um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Vestmannaeyjakaupstað á þskj. 503.

Á Sauðárkróki eru talin góð virkjunarskilyrði í Gönguskarðsá og sá höfuðkostur, að aflstöðin verður þar í miðju kaupþúninu, svo að engar leiðslur þarf nema innan staðarins.

Á Sauðárkróki eru nú um eitt þúsund manns, og rafmagn er vart til ljósa. Verður því ekki lengur unað. Ef Gönguskarðsá verður virkjuð, fæst þar 800 ha. orka, og verður hún fljótlega fullnotuð af kaupþúninu. Fyrirtækið ætti því að geta borið sig fjárhagslega, þótt í það yrði ráðizt á dýrum tíma. Væri bætt úr rafmagnsþörf Sauðárkróks, mundi sparast innflutningur á olíu til frystihúsa staðarins og kola-
innflutningur til hitunar og suðu. Sömuleiðis mun fyrirhuguð sildarbræðslustöð á Sauðárkróki þurfa mikið rafmagn. Eins og nú eru miklir erfiðleikar á um innflutning á kolum og olíu, er það að vonum, að keppt sé að því að koma upp rafstöðvum þar, sem virkjunarskilyrði eru góð, eins og hér er um að ræða.